

Mál nr. 286/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Miskabætur 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð árekstur milli bifreiðanna A og B þann 26. september 2021 á Holtavörðuheidi. Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum og sveigði ökumaður bifreiðarinnar A yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að bifreiðin fór utan í bifreiðina B. Ökumaður B kveðst hafa flautað, hemað og reynt að sveigja bifreiðinni til hægri út í kant eins langt og hann þorði en án árangurs. Var bifreiðinni A ekið utan í bifreiðina B sem við það kastaðist út af akbrautinni. Samkvæmt framburði í lögregluskýrslu telur ökumaður A sig hafa sofnað undir stýri þar sem hann myndi ekkert frá aðdraganda árekstursins. Hafði hann fundið fyrir syfju við aksturinn en ekki þannig að honum fyndist hann þurfa að leggja sig.

M var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A og kveðst hafa slasast við áreksturinn. V hefur samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M en því til viðbótar geri M kröfu um viðurkenningu á rétti hennar til miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Byggir M á því að ökumaður bifreiðarinnar A hafi með framferði sínu, að aka bifreið sinni yfir á öfugan vegarhelming gegn umferð úr gagnstæðri átt, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem valdið hafi M varanlegu heilsufarstjóni. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 50/2004 og 11/2019.

V kveðst ekki hafa tekið formlega afstöðu til bótaskyldu vegna kröfu um miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þar sem félagið telur að ekki sé unnt að taka afstöðu fyrr en læknisfræðileg matsgerð um afleiðingar slyssins liggur fyrir. V tekur fram að það mótmælir því ekki að háttsemi ökumanns M geti talist vera stórkostlegt gáleysi en hafnar því að það leiði sjálfkrafa til réttar M til miskabóta skv. a-lið 26. gr. skaðabótalaga. Telur V að það sé grundvallarforsenda að umfang tjóns M liggja fyrir svo unnt sé að meta hvort réttur til bóta skv. a-lið 26. gr. skaðabótalaga sé til staðar. Máli sínu til stuðnings vísar V til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2408/2021.

Álit.

Af svörum V til nefndarinnar verður ekki annað séð en að ekki sé til staðar ágreiningur um það hvort ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Ágreiningur snýst þannig eingöngu hvort M eigi rétt á miskabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Í gögnum málsins liggja fyrir læknisfræðileg gögn, þ.á.m. sjúkraskrá M og læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 14. júlí 2022. Í þeim gögnum kemur fram að M hafi við slysið hlotið tognun og ofreynslu á háls hrygg. Þrátt fyrir að ekki liggja fyrir matsgerð þar sem lagt er mat á umfang líkamstjóns M á grundvelli I. kafla skaðabótalaga verður að meta skilyrði til greiðslu miskabóta sjálfstætt óháð ófjárhagslegu tjóni sem uppfyllir skilyrði 4. gr. skaðabótalaga til greiðslu bóta fyrir varanlegan miska. Breytir orðalag dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2408/2021 þar engu um. Af ofangreindu verður fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi hjá V vegna kröfu M um miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir